

„Á aðalfundi Skotveiðifélags Íslands í apríl s.l. var samþykkt að stofna svonefndan landréttarsjóð, og var honum þá þegar lagt til nokkurt fé. Tilgangur sjóðsins er að veita fjárhagsaðstoð einstaklingum, félögum eða stofnunum vegna framkvæmda eða aðstæðna, er krefjast fjárútláta og ætla má að geti orðið til framdráttar almannarétti til veiða“.

stefndu voru sammála um að veiðisvæði væri afreittur utan landareigna lögbýla og ætti því 2. t.l. 5. gr. l. 33/1966 hér við. Dóminum var ekki áfrýjað.

Astæða þykir hér til að leggja áherslu á að samkvæmt fyrirritaðri lagagrein (2. t.l. 5. gr.) hvílir sönnunarbyrðin á þeim landeiganda sem telur að afreittur sé sin einkaeign. Svo er að sjá sem Hæstiréttur hafi í tveimur dómum gefið fordæmi um strangar kröfur til slíkrar sönnunar. Í báðum þessum málum, sem hér verður tilfellið getið, var ákveðnum aðilum af héraðsdómi dæmdur viss einkaréttur til afreittalands. Báðum héraðsdómunum var hrundið af Hæstarétti.

Mál reis milli aðila í Eyjafirði og Skagafirði út af eignarhaldi á landi í og frammi af Austurdal í Skagafirði (Nýjabæjarafreitt). Skagfirðingarnir, eigendur Abæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Austurdal, reistu dómkröfur sínar á afsali fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá árinu 1464, þar sem hið umdeilda land var talið hluti jarðarinnar. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Yfirlýsingar í afsöllum fyrir og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarétt til öræfalandsvæðis þess“. Hvorugum málsaðila var dæmdur eignaréttur á landinu. (Hrd. XL, 510. Tilvitnun bls. 512).

Í máli sem reis út af veiðirétti í vötnum á Landmannafreitti var Landmannahreppi dæmdur fyrir héraðsdómi einkaréttur til fiskveiða þar. Hæstiréttur hratt dómnum. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf (þ.e. Landmannahreppur og

Holtahreppur) hafi öðlast eignarétt að afreittinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afreittarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla (þ.e. Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi) hafi tekið afreittarlandið til sumarstarfa fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afreittarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnur var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afreittarlandsins hefur verið háttáð, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því“ (Hrd. XXVI, 108. Tilvitnun bls. 114).

Enn hefur enginn Hæstaréttardómur verið kveðinn í deilumáli út af fuglaveiðirétti sérstaklega, og aðeins einn héraðsdómur (Óxarfjarðarheimarmál) annar en Hellsisheildardómur. Þeim dómi var áfrýjað en Hæstiréttur vísaði málinu aftur heim í hérað til endurupptöku sökum formgalla. Vera má að ekki verði mjög langt að bíða nýrra dóma. Haustið 1979 tók lögreglan í Borgarnesi skýrslur af nokkrum rjúpnaskyttum sem veitt höfðu á Holtavörðuheidi. Skýrslur þessar ásamt gögnum sem ymsir landeigendur lögðu fram (afsöllum o.fl.) sendi sýslumannsembættið í Borgarnesi síðan saksóknara ríkisins, en hann sendi síðan til sýslumanna og fógeta til frekari skýrslugerðar. Þaðan bárust gögn þessi aftur til saksóknara. Hann tók síðan þá ákvörðun að fella tvö þessara mála niður, en í öðrum lagði hann fyrir héraðsdómara að bjóða dómssátt. Þegar þetta er ritað er vitað að einn þessara

rjúpnaveiðimanna hefur verið ákærður.

Rjúpnaskyttur munu nú á þessu hausti sem fyrr sækja til veiða á Holtavörðuheidi, sem og á aðra afreitti sem þeir telja utan landareigna lögbýla. Það gera þeir vita-skuld í trausti þeirrar aðalreglu sem orðuð er í 2. til 5. gr. laga nr 33/1966.

Þess er að vænta að hinir fjölmörgu skotveiðimenn á Íslandi geri sér grein fyrir nauðsyn þess að verja þann almannarétt til veiða sem nügildandi lög kveða á um. Ætti mönnum að vera fullljóst að tilhneiging er til að ganga á þennan rétt, ef menn standa ekki saman um að verja hann. Reyndar er sýnt fyrir löngu að um veiðiréttinn þarf að setja skýrari ákvæði með nýrri laga-setningu. Á aðalfundi Skotveiðifélags Íslands í apríl sl. var samþykkt að stofna svonefndan landréttarsjóð, og var honum þá þegar lagt til nokkurt fé. Tilgangur sjóðsins er að veita fjárhagsaðstoð einstaklingum, félögum eða stofnunum vegna framkvæmda eða aðstæðna, er krefjast fjárútláta og ætla má að orðið geti til framdráttar almannarétti til veiða. Þessi sjóður á að vera til taks hvenær sem á þarf að halda. Kann svo að fara að leita þurfi eftir almennum fjárstuðningi skotveiðimanna við sjóðinn. Vonum við að menn skilji hversu brýnt er að bregðast vel við slíku.

Landréttarnefnd  
Skotveiðifélags Íslands,  
Finnur Torfi Hjörleifsson  
Jón Armann Héðinsson  
Ólafur Bjarnason  
Ólafur Jónsson  
Ólafur Karvel Pálsson



myndir alls. Þetta er nú heldur kraftlítið verk, en nostursamlega unnið með blandaðri tækni sem áður sagði. Listakonan litur þó ekki á þetta sem óskipta heild, því hver mynd í verkinu fær númer. Hæri tölurnar eru betri, en þær lægri.

Hildur Hákonardóttir sýnir myndvefnað, og myndir hennar eru sem fyrr hressandi og listrænar í senn. Það er eitthvað dularfullt og íslenskt við þessar myndir.

Hrólfur Sigurðsson getur varla talist áberandi myndlistarmáður,

þótt hann hafi alla ævi fengist við myndlistarstörf, að aflokinni haldgöfri skólögöngu í Kaupmannahöfn á árunum 1947–1950.

Hann á 9 verk á sýningunni, og má segja að þessi málverk séu með því betra, sem þarna er sýnt. Að visu eru landlagsmyndir ekki neitt sérstaklega í sviðsljósinu um þessar mundir, en í myndum Hrólfs er viss upplifun, sem er sjáldgæf í landlagsmyndum.

Ragnar Kjartansson myndhöggvari sýnir 8 mannamyndir. Ragnar er vaxandi myndhöggvari og eljumáður mikill. Myndir

hans eru úr brenndum leir, og best þótti mér myndin af Braga Asgeirssyni, listmálara.

Aðrir, sem mér þótti eiga eftirtektað verk á sýningunni, eru Eyjólfur Einarsson, sem sýnir vatnsliti. Gunnar Sigurðsson, Helgi Gíslason, Leifur Breiðfjörð, Einar G. Baldvinsson, María Kjarval (vefnaður), Rúna Gísladóttir, Sigrún Eldjárn, Sigurður Jakobsson, Jóhannes Geir, Einar Þorláksson og Orlygur Sigurðsson sem er með tvíburu. Arngrímur og Bergþóra og Bergþóra og Arngrímur heita þeir.

Ég las það í blaðafregn, að listaverk eftir bræðurna Hauk og Hörð Harðarsyni, hefðu orðið fyrir skemmdum á sýningunni.

Þetta er afleitt, og raunar hörmulegt, að listaverk skuli ekki vera friðhelg á þessum stað.

Að visu fylgdi það ekki sögunni, hvort viðkvæmir hlutir voru á glámbekk, en þarna koma börn, en menn hljóta að fordæma alla skemmdarstarfsemi þarna sem annarsstaðar.

Jónas Guðmundsson skrifar



## byggð og búið í gamla daga



■ Þingeyingar fylgja Hannesi Hafstein vestur yfir Fljótsheiði 1905 (Eiríkur Þorbergsson Húsavík tók myndina)

## Þingeyingar heiðra Hannes Hafstein

■ 27. ágúst voru birtar í þættinum myndir, sem Þjóðminjasafnið óskar upplýsinga um, þ.á.m. mynd af allmörgu fólki, sem áði með hesta sína við Góðafoss. Skýringar hafa borist frá Glúmi Hólmgeirsyni, Vallakoti Reykdælahreppi. Segir hann myndina vera úr myndaflokki, sem Eiríkur Þorbergsson á Húsavík tók einhvern tíma á árunum 1904–1906 af Þingeyingum, flestum úr Reykjadal. Tilefni þessarar áningar við Góðafoss var það, að Hannes Hafstein var á ferð, ekki löngu eftir að hann varð ráðherra, sennilega að koma austan af landi og bárust fregnir um ferðir hans. Verður það þá að bændur úr Reykjadal taka sig saman um að söla hesta sína og ríða í veg fyrir hann, er hann kæmi frá Húsavík á leið til Akureyrar, og fylgja honum vestur yfir Fljótsheiði að Góðafossi og kveðja hann þar.

Þetta var því eðlileg áning við Góðafoss, en engin hátíð eða tilhald. Þó má vera að einhver ræðuhöld hafi verið.

Nú er enginn ofar moldu, sem þarna var, en Glúmur nefnir nokkra. Þar var faðir hans Hólmgeir Þorsteinsson, mágur hans Benedikt á Auðnum, Aðalgeir Davíðsson Stóru-Laugum, Stefán Jónsson Óndólfstöðum og bróðir hans Jón í Múla, Sigfús Jónsson Halldórsstöðum og synir hans Jón, Pétur og Sigurbur (síðar Bjarklind), Jón Ólafsson (frá Rifkellsstöðum) á Einarstöðum. Þar var líka Pétur á Gautlöndum og Steingrímur bróðir hans. Þá var þar Jón Rundólfsson vestur-Íslenskur hagarðingur, sem var hér á þeim árum. — Ég þakka Glúmi skýringarnar.

Höldum nú til Eyjafjarðar.

Lögmanshlíð í Kræklingahlíð er gamall kirkjustaður, stórbænda- og höfðingjasetur, sem alloft er getið fyrir á öldum. Atti þar að hafa verið vönduð lögmansstofa og 18 hurðir á jarnum (hjörum). 18 hurða-sagan gengur raunar víðar um stórmannleg hibiði í gamla daga.

Ég fór að reikna í higanum hve margar hurðir á jarnum hefðu verið í gamla bænum á Stóru-Hámundarstöðum í minni ungdæmi, en sá þær var stór, byggður skömmu fyrir aldamótin. Út kom talan 16.

Víkjum að Lögmanshlíðarkirkju, bjartri smekklegru timburkirkju sem reist var árið 1860. Áður stóð þar torfkirkja byggð 1792.

Þorsteinn Danielsson, hinn kunnir smíður á Lóni í Hörgárdal eignaðist jörðina og reisti kirkjuna, en yfirmiður var Jóhann Einarsson í Haga á



■ Lögmanshlíðarkirkja í Kræklingahlíð 19/7 1981.

Arskógsströnd. Prestur var þá Sveinbjörn Hallgrímsson í Glæsibæ.

Síðar voru gerðar breytingar á kirkjunni, settur kvistgluggi á suðurþekjuna, komið fyrir söngpalli og gerð hvefving.

Deilt var um hver ætti að þjóna Lögmanshlíðarsókn. Var m.a. leitað fanga út í Stærra-Arskóg á Arskógsströnd. Presturinn þar, Tómas Hallgrímsson, frændi Jónasar skálds, gegndi kallinu nokkur ár, eða til 1884, er hann flutti að Völlum í Svarfárdal. Séra Tómas þjónaði líka um skeið Kviabekki í Ólafsfirði er prestslaust var þar. Séra Tómas var léttleikamaður, göngu- og skíðagarpur.

Nú messar Akureyrarprestur í Lögmanshlíð og hefur sú skipan haldist allengi.

Séra Matthias Jochumson þjónaði þar í 15 ár. Séra Geir Sæmundsson vann að sameiningu Glæsibæjar- og Lögmanshlíðarsókna. Var svo langt komið, að ráðgerð var bygging sameiginlegrar kirkju um miðja Hlíðina og gerði Rögnvaldur Ólafsson byggingameistari teikningu. Skyldi kirkjan rúma 500 manns í sæti. En ekki varð af sameiningu sóknanna né kirkjubyggingu.

Lögmanshlíð þótti fyrrum stór og góð jörð. Var þar þá talsvert höfðingjavalld og stóð fjarafinn raunar víðar fótum.

Búskaparhættir taka stöðugt breytingum. Flestir kannast við söngvisu Lofta: „Við brúsaþallinn bíður hans mæ.“ o.s.fr.v.. Mjólkurbilstjórur komu víða við og sinnu mörgu kvabbinu, en „Bjossi“ gat verið gleyminn. Nú eru brúsaþallar að mestu úr sögunni, a.m.k. þar sem vegir eru þolanlegir. Stórir mjólkurtankar gleypa í sig mjólkina heima á bæjarhláði.

Ath. 1332. þætti 26. sept. hefur verið þrengt svo mjög að myndinni „Norske fiskedampere renser fisk“ að bæði vantar neðri hluta og enda. Myndin er frá Þjóðminjasafninu og er óskað upplýsinga um hana.

Ingólfur Davíðsson skrifar

